

Nr. 18-160 S 106 Sölvi BA 19**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6369
Smíðaður: Vestmannaeyjar 1983, plast
Útgerð: Harpa Pálsdóttir
Stærð: 3,29 brl. 5,51 bt.
Mesta lengd: 8,69 m Skráð lengd: 8,64 m
Breidd: 2,38 m Dýpt: 0,86 m
Vél: Perkins 54 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 1



Sölvi©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. ágúst 2018 var Sölvi BA 19 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NNA 7 m/s.

Þegar átti að gangsetja vélina kom í ljós að hún fór ekki í gang sökum bilunar í startara. Óskað var eftir aðstoð og dró Steini Jóns BA Sölva til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að startarinn fyrir vélina hafði að sögn skipstjóra verið með leiðindi í nokkur skipti og hafði hann því farið með hann suður til viðgerða. Eftir að hann hafði verið settur í á ný tókst að ræsa vélina fjórum sinnum og síðan ekki meir;
- að nýr startari var keyptur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.